



## Minnisblað – 2006020

Til: Byggðarráðs

Frá: Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur, verkefnastjóra

Efni: Viðhorfskönnun vegna vindorkuvera

Dags.: 25.01.2021

Á 247. fundi byggðarráðs Dalabyggðar var tekin ákvörðun um að gera viðhorfskönnun meðal íbúa. Tilboða var leitað í verkið og var samningur gerður við Maskínu.

Ákveðið var að gera könnun sem samanstæði af þremur lokuðum spurningum og einni opinni. Spurningarnar voru eftirfarandi:

1. Ert þú almennt hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að sett séu upp vindorkuver á Íslandi?
2. Ert þú almennt hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að sett séu upp vindorkuver í Dalabyggð?
3. Hversu vel eða illa hefur þú kynnt þér tillögur að breytingum á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna iðnaðarsvæða fyrir vindorku?
4. Hver telur þú að áhrifin/afleiðingarnar gætu verið af því að sett séu upp vindorkuver í Dalabyggð?

Könnunin var lögð fyrir alla íbúa Dalabyggðar, 18 ára og eldri, sem eru með skráð símanúmer. Alls voru það 289. Sent var SMS á þennan hóp með hlekk á könnunina, ein áminning var send með SMS á þá sem höfðu ekki svarað og að lokum var hringt í þá sem áttu eftir að svara eftir áminningu.


Könnunin fór fram daga 3. desember 2020 til 12. janúar 2021 og voru svarendur 219 talsins. Það gerir 75,7% svarhlutfall.

Maskína skilaði niðurstöðum þann 13. janúar sl. og stóðst verkið tilboð sem gefið var í verkið, þ.e. 450.000kr.- + vsk.


Hér á eftir má sjá niðurstöður úr spurningum 1 – 3 auk samantektar fyrir svör í spurningu 4.

### 1. Ert þú almennt hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að sett séu upp vindorkuver á Íslandi?

	Fjöldi	%
Mjög hlynnt(ur) (5)	66	30,4%
Fremur hlynnt(ur) (4)	61	28,1%
Í meðallagi (3)	56	25,8%
Fremur andvíg(ur) (2)	21	9,7%
Mjög andvíg(ur) (1)	13	6,0%
Gild svör	217	100,0%
Svöruðu ekki	2	0,9%
Heildarfjöldi	219	100,0%




Meðaltal	3,67
Vikmörk (±)	0,16
Staðalfrávik	1,18




## 2. Ert þú almennt hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að sett séu upp vindorkuver í Dalabyggð?

	Fjöldi	%
Mjög hlynnt(ur) (5)	61	28,2%
Fremur hlynnt(ur) (4)	51	23,6%
Í meðallagi (3)	41	19,0%
Fremur andvíg(ur) (2)	31	14,4%
Mjög andvíg(ur) (1)	32	14,8%
Gild svör	216	100,0%
Svöruðu ekki	3	1,4%
Heildarfjöldi	219	100,0%




Meðaltal	3,36
Vikmörk (±)	0,19
Staðalfrávik	1,41




## 3. Hversu vel eða illa hefur þú kynnt þér tillögur að breytingum á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna iðnaðarsvæða fyrir vindorku?

	Fjöldi	%
Mjög vel (5)	26	14,4%
Fremur vel (4)	50	27,6%
Í meðallagi (3)	64	35,4%
Fremur illa (2)	25	13,8%
Mjög illa (1)	16	8,8%
Gild svör	181	100,0%
Svöruðu ekki	3	1,4%
Hef ekki kynnt mér tillögurnar	35	16,0%
Heildarfjöldi	219	100,0%



Meðaltal	3,25
Vikmörk (±)	0,17
Staðalfrávik	1,13



## Sp. 4. Hver telur þú að áhrifin/afleiðingarnar gætu verið af því að sett séu upp vindorkuver í Dalabyggð?

*Svör við spurningu 4 voru flokkuð eftir því hvor þau væru jákvæð, hlutlaus eða neikvæð. Hér á eftir má sjá þemagreiningu á svörum þátttakenda.*

### Jákvætt:

Atvinna, atvinnumöguleikar, gott fyrir samfélagið, hrein orka, aukin umsvif, fólksfjölgun, aukin umfjöllun um svæðið, gæti skapað fjármuni, störf sem þarfnast sérþekkingar, tekjur fyrir sveitarfélagið, afleidd störf, jákvæð áhrif, vindorka, góð áhrif, framfaraskref, uppbygging í sveitarfélaginu, störf við viðhald, verðmætasköpun, rafmagnsöryggi, græn orka, tækifæri fyrir ný fyrirtæki, auknar skatttekjur, fjölbreytt atvinnulíf, ásýnd sveitarfélagsins, fleiri tækifæri fyrir sveitarfélagið, hagvöxtur, lækkað raforkuverð, nýsköpun, nútímavæðing.

### Hlutlaust:

Vantar kynningu á verkefninu og þeim sem standa að baki, engin áhrif, eftir að kynna sér verkefnið, ekki viss, betra að horfa til lágmarksfjölda, geri mér ekki grein fyrir því, jákvæð og neikvæð áhrif, fer eftir stöðum þar sem sett er upp, ágætt, ekki fallett ásýndar en bitnar ekki á neinu, engin skoðun, lítil áhrif,

get ekki svarað, þarf að kynna aðgerðir, treysti á að rafmagnskostnaður lækki, margir vilja vindorkuver en færri að hafa þau hjá sér, önnur verkefni líklegri til ávinnings.

### **Neikvætt:**

Sjónmengun, ekki hrifin af iðnaðarsvæðum, slæm áhrif á fuglalíf, setur erni í hættu, slæm áhrif á dýralíf, skilur ekki mikið eftir sig eftir framkvæmdir, ekki tryggt að fjármagn til niðurrifs sé til staðar, of nálægt byggð, hljóðmengun, umhverfismengun, þungaumferð, skemmdir á umhverfi, fyrirhuguð staðsetning ekki góð, engar tekjur fyrir sveitarfélagið, fer ekki vel með sauðfjárrækt, lítið talað um áhrif á náttúru og dýr, vantar frekari rannsóknir á áhrifum, frekar að horfa til vatnsorku, slæm ásýnd sveitarfélagsins, áhrif á ferðamennsku sem leiðir til færri/óánægðra ferðamanna, engar upplýsingar um atvinnu eða afleidd störf, fólki sem býr ekki í sveitarfélaginu haldið frá umræðunni, slæmt fyrir landbúnaðarhérað sem Dalabyggð, fá störf í Dalabyggð útaf verkefninu, sjónmengun fyrir þéttbýli, ljótt, þarf að huga að náttúrunni, jarðrask, rýrir verðgildi jarða og lands í grennd, hugnast ekki búseta nærri vindorkuveri, slæmt, hver ber ábyrgð ef félögin fara á hausinn eða segja sig frá þessu, ríkið ætti frekar að sjá um þetta, vatnsfallsvirkjanir betri, vantar skilyrði fyrir að þetta skili einhverju í sveitarfélagið, eyðilegging vega, umferðaaukning, aðeins skammtímaáhrif til góða, langtímaáhrif óljós, einhæfni ekki góð, slæmar afleiðingar fyrir heimafólk, skoða þarf aðrar staðsetningar, ekki sátta um verkefnið, umhverfisslys, ónæði við íbúa nærri þeim, skuggaflökt, varanlegar skemmdir.